

A 1774/velferd

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um að Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að vekja athygli á félagslegri einangrun og að Norðurlönd verði í fararbroddi við að sporna gegn félagslegri einangrun í samfélaginu með því að beina kastljósinu að málefnum og blása til norrænnar ráðstefnu

Forsaga

Félagsleg einangrun hefur alvarlegar efnahagslegar og félagslegar afleiðingar í för með sér – bæði fyrir samfélagið og þá einstaklinga sem fyrir henni verða.

Félagsleg einangrun er þegar einstaklingar eða hópar standa utangarðs. Það getur verið um að ræða fólk sem stendur utan við náms- og atvinnulíf og er með lítil félagsleg tengsl eða fólk sem upplifir ekki að það tilheyri samfélaginu.

Félagsleg einangrun er kerfislegt samfélagsvandamál. Félagsleg einangrun getur haft alvarlegar afleiðingar sem skerða lífsgæði einstaklinganna sem fyrir henni verða.

Hver sem er getur orðið fyrir félagslegri einangrun en sumir hópar eru í sérstakri hættu.

Börn sem eru vanrækt eða beitt ofbeldi snemma á ævinni eru líklegri til að glíma við geðræn vandamál síðar á lífsleiðinni.

Þrír hópar eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir einangrun á vinnumarkaði. Það er ungt fólk, innflytjendur og fólk með fötlun.

Orsakir einangrunarinnar eru margar og samþættar. Þau sem standa utangarðs í samfélaginu glíma oft við margþætt vandamál. Geðræn vandamál, misnotkun áfengis og fíkniefna, einmanaleiki, fátækt og skortur á aðlögun eru algengustu orsakir þess að fólk lendir utangarðs. Í dag er margt ungt fólk útilokað frá þátttöku í skipulögðum viðburðum vegna bágrar fjárhagsstöðu þess eða mikils kostnaðar, t.d.



við útbúnað.

Það borgar sig að vinna að aðlögun og sameiningu. Þegar einstaklingar standa utan félagslífs, atvinnulífs og menntakerfis er það sóun á auðlindum samfélagsins. Efnahagslegar afleiðingar af brottfalli úr framhaldsskólum eru til dæmis vel þekktar. Rannsókn frá Tækni- og náttúruvísindaháskólanum í Noregi sýnir að ávinningur samfélagsins fyrir hvern nemanda sem lýkur framhaldsskólanámi er næstum ein milljón norskra króna.

Nuuk, 13. september 2018

Annette Lind (S)

Ingalill Olsen (A)

Jorodd Asphjell (A)

Karen J. Klint (S)

Karin Gaardsted (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Laura Taunajik (S)

Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Oddný Harðardóttir (A)

Peter Johnsson (S)

Phia Andersson (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Suzanne Svensson (S)

Ville Skinnari (sd)